



# **Akurskóli**

## **Skólanámskrá**

### **2019 – 2020**



## **II. hluti**

### **Nám og kennsla**

#### **2. bekkur**

**Umsjónarkennarar**

Fanney María Sigurðardóttir  
Margrét Ósk Heimisdóttir

# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
<b>BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR .....</b>	<b>3</b>
<b>LYKILHÆFNI Í 2. BEKK .....</b>	<b>3</b>
<b>SAMPÆTTING NÁMSGREINA .....</b>	<b>4</b>
<b>ÚTINÁM .....</b>	<b>4</b>
<b>ÍSLENSKA .....</b>	<b>4</b>
LESTUR OG BÓK MENNTIR .....	6
TALAÐ MÁL, HLUSTUN OG ÁHORF .....	6
MÁLFRÆÐI .....	7
RITUN .....	7
<b>STÆRÐFRÆÐI .....</b>	<b>8</b>
AÐ GETA SPURT OG SVARAÐ MED STÆRÐFRÆÐI .....	8
AÐ KUNNA AÐ FARÐA MED TUNGUMÁL OG VERKFRÆÐI STÆRÐFRÆÐİNNAR .....	8
VINNUBRÖÐ OG BEITING STÆRÐFRÆÐİNNAR .....	8
TÖLUR OG REIKNINGUR .....	8
ALGEBRA .....	9
RÚMFRÆÐI OG MÆLINGAR .....	9
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDI .....	9
<b>NÁTTÚRUGREINAR .....</b>	<b>10</b>
<b>SAMFÉLAGSGREINAR .....</b>	<b>11</b>
<b>SMIÐJUR .....</b>	<b>13</b>
HEIMILISFRÆÐI .....	13
MYNDMENNT .....	13
TEXTÍLMENNT .....	14
HÖNNUN OG SMÍÐI .....	15
<b>FJÖLVAL .....</b>	<b>16</b>
<b>SKÓLAÍPRÓTTIR .....</b>	<b>16</b>
ÍPRÓTTIR .....	16
SUND .....	17

## Bakgrunnsupplýsingar

Í 2. bekk er 41 nemandi, 19 drengir og 22 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku.

Umsjónarkennarar í 2. bekk eru Fanney María Sigurðardóttir og Margrét Ósk Heimisdóttir.

Umsjónakennarar bera ábyrgð á árganginum og öllu námi nemenda innan hans. Stuðningsfulltrúar eru Íris Birgitta Hilmarsdóttir og Marta Caber.

Aðrir kennarar:

Jón Ásgeir Þorvaldsson- sund

Freyr Brynjarsson og Jón Ásgeir Þorvaldsson- íþróttir

Fanney María Sigurðardóttir- heimilisfræði,

Silja Konráðsdóttir- textíl

Guðrún Jóhannsdóttir- smíði

Helga Lára Haraldsdóttir- myndlist.

Jónína Einarsdóttir-forskóli

### Viðmiðunarstundaskrá:

Íslenska	8 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélags/ Náttúrugreinar	3 kennslustundir
Smiðjur	4 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Tónmennt (Forskóli)	2 kennslustundir
Útikennsla	2 kennslustundir
Val	2 kennslustundir

Samtals: 30 tímar í viku

## Lykilhæfni í 2. bekk

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Mat á lykilhæfni fer fram vori í öllum árgögum. Matið er framkvæmt í Mentor og birt foreldrum á fjölskylduvef.

Þættirnir fimm eru eftirfarandi:

- Tjáning og miðlun:** Tekur þátt í samræðum. Hlestar á aðra. Tjáir sig í umræðum.
- Skapandi og gagnrýnin hugsun:** Sýnir frumkvæði. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- Sjálfstæði og samvinna:** Vinnur vel með öðrum. Er virkur í hópastarfi og leggur sitt að mörkum. Fer eftir viðeigandi fyrirmælum.

4. **Nýting miðla og upplýsinga:** Aflar sér upplýsinga á fjölbreytta vegu. Miðlar upplýsingum til annarra.
5. **Ábyrgð og mat á eigin námi:** Fylgir fyrirmælum. Leggur mat á vinnu sína. Nýtir tíma sinn vel til vinnu.

## Sampætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjentalæsi er regnhlífarhugtak yfir sampættingu námsgreina þar sem sífellt er verið að tvinna saman margar námsgreinar.

## Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útkennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er sampætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum. Stefnt er að því að fara að meðaltali einu sinni í viku út í 80 mínútur í senn.

## Íslenska

### Markmið

Að nemendur:

- nái valdi á frumþáttum móðurmáls þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun eftir því sem þroski þeirra leyfir
- rækki með sér virðingu fyrir málinu og geti tjáð skoðanir sínar

### Kennsluhættir

#### Byrjentalæsi

Byrjað er á því að lesa sögubók sem uppfyllir ákveðnar kröfur. Við lestarinn er rætt um merkingu og merkileg orð til að auka orðaforða nemenda. Í næsta tíma er sagan rifjuð upp og kennari fær nemendur til að lesa með eða botna setningar. Því næst er valið lykilorð sem unnið er markvisst með.

Lykilorðið er valið út frá því markmiði sem á að leggja áherslu á hverju sinni. Það getur verið málfræðimarkmið, stafsetningarmarkmið eða jafnvel kveikja að ritun, lesskilningi og orðaforðavinnu. Í næstu tveimur tímum fer fram þjáfun í þeim atriðum sem voru lögð inn með lykilorðinu og nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem oft eru skapandi. Verkefnin geta verið fyrir einstaklinga, pör eða hópa. Má þar nefna ýmis spil þar sem m.a. er unnið með stafsetningu, lestar, hugtakakort, sundurgreiningu,

tengingu, orðaforða, stafina, ritun, skrift, málfræði, hlustun, tjáning og enduruppbryggingu texta. Nemendum er mætt þar sem þeir eru staddir og tekið mið að þörfum einstaklinga en nemendur geta verið að fást við ólík verkefni á sama tíma.

Mikil áhersla er lögð á að kennsluhættir og verkefni séu fjölbreytt og að nemendur þjálfist í vönduðum og öguðum vinnubrögðum. Bæði eru unnin einstaklings-, para og hópverkefni.

Mikilvægt er að nemendur lesi daglega bæði í skólanum og heima. Jafnframt eru þeir hvattir til að lesa sér til gagns og gamans í yndislestrarbókum eins og geta þeirra leyfir og í lestrarbókum við hæfi. Nemendur hafa góðan aðgang að bókakosti skólans.

Þegar lestrarnám nemenda er skipulagt er tekið mið af þroska og getu hvers og eins. Lestrarbækur eru afhentar í þyngdarröð og/eða nemendur velja sér bækur við sitt hæfi af skólabókasafni. Nemendur hafa góðan aðgang að bókum í skólastofunni og fá tækifæri til að lesa og skoða bækur á hverjum degi.

Nemendur vinna í vinnubókum á sínum hraða og eftir getu.

Nemendur skrifa í skriftar- og vinnubækur. Einstaklingskennsla og hópvinna. Nemendur skrifa reglulega í dagbók og fara í hringekjur eða stöðvavinnu með fjölbreyttum verkefnum.

## Kennslugögn

Lestrarbækur, bækur af bókasafni, dagblöð og Byrjentalæsisbækur, þar sem unnið er með gæðatexta. Auk þess er notast við ljóðabækur og ýmsar sögubækur. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Ritrún 1 og 2 og fjölbreytt byrjentalæsisverkefni sem kennrar semja og taka af vefnum og annað ljósritað efni frá kennara. Unnið verður með léttar upplestraræfingar í stafsetningu. Í skólanum er fylgt eftir bókinni Ítalíuskrift eftir Gunnlaug SE Briem og Freyju Bergsveinsdóttur í skriftarkennslu.

## Námsmat

Reglulegar lestrarkannanir eru lagðar fyrir nemendur, einnig verða lagðar fyrir lesskilningskannanir. Í desember er lögð fyrir stafsetningakönnunin Aston Index. Reglulega yfir skólaárið er lagður fyrir Lesferill.

Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur vinnubóka. Einig er stuðst við símat þar sem kennari fer yfir vinnu nemenda og skráir hjá sér auk þess sem heimavinna er metin.

*Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri en miðað er við árangur í lestri að vori við lok 2. bekkjar*

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
<b>2.bekkur</b>	40 orð á mínútu	85 orð á mínútu	100 orð á mínútu

## Hæfniviðmið:

### **Lestur og bókmenntir**

Að nemendur:

- auki lestrarhraða
- eflí lesskilning og geti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- auki orðaforða sinn
- geti lesið fjölbreyttan texta og beitt við það aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- geti unnið með texta og frásagnir á fjölbreyttan hátt
- nýti góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- lesi og hlusti á mismunandi textagerðir svo sem sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og læri að þekkja einkenni þeirra
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum
- vinni verkefni í tengslum við upplestur
- læri ljóð og söngtexta
- kynnist rími, hrynjanda og einföldum bragarhætti.
- velji sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- lesi úr táknumyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

### **Talað mál, hlustun og áhorf**

Að nemendur:

- taki virkan þátt í umræðum
- þjálfist í að koma skoðunum sínum og hugsunum á framfæri með skýrum og áheyrliegum framburði
- þjálfist í að hlusta á upplestur margskonar efnis, fylgi söguþræði og geti greint frá upplifun sinni
- þjálfist í að gagnrýna á uppbyggilegan hátt
- þjálfist í að horfa á leikþætti og söngatriði
- segi frá eftirminnilegum atburði og lýsi ákveðnu fyrirbæri. Endursega efni sem hlustað hefur verið á eða lesið

- eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi við samnemendur sína
- beri virðingu fyrir íslenskri tungu, móðurmáli sínu og annarra

## Málfræði

Að nemendur:

- læri rétta notkun íslensks máls í ræðu og riti
- læri stafrófið og að raða í stafrófsröð og geri sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- geti skrifað texta eftir bókum og upplestri
- þekki muninn á há- og lágstöfum
- þekki sérljóða og samhljóða og muninn á þeim
- læri hugtökin samheiti og andheiti, samsett orð, tvöfaldan samhljóða og samhljóðasambönd
- greini mun á samnöfnum og sérnöfnum og geti m.a. bent á þau í eigin texta
- læri eintölu og fleirtölu
- þekki kyn orða
- læri nafnorð og lýsingarorð
- leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki
- beiti töluðu máli og rituðu af öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska þeirra

## Ritun

Að nemendur:

- dragi rétt til stafs og láti stafina sitja rétt á línu
- haldi rétt á skriffærum
- þjálfist í að skrifa skýrt og læsilega og hafi eðlilegt bil á milli orða
- þjálfist í að skrifa frjálsan texta svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- læri að semja sögur með upphafi, meginmáli og endi
- tileinki sér einfaldar stafsetningarreglur
- eflist í að beita sköpunargáfu og frásagnargleði við textagerð
- öðlist tilfinningu fyrir skipulegri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs máls
- þjálfist í að skrifa dagbók og skrá atburði úr eigin lífi
- nýti sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- skrifi og leyfi öðrum að njóta þess með upplestri eða lestri

## Stærðfræði

Hæfniviðmið:

### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemandi geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir
- túlkað einföld myndrit, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- útskýrt lausnaleiðir sínar fyrir öðrum

### Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- notað hentug verkfæri og hjálpargögn, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikni , til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar
- kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi, notkun og verðgildi peninga, þekki grundavallraratriði tímatals (daga, vikur, mánuði, ár) og læri á klukku.

### Tölur og reikningur

Að nemandi:

- þekki tölurnar frá 1 upp í 100
- þekki sléttar tölur og odda tölur
- kunni að telja og skrifa tölur

- geti lagt saman og dregið frá
- kunni að telja og reikna á talnalínu
- skilji hugtökin summa og mismunur
- geti sett upp einföld dæmi
- þjálfist í að nota vasareikni
- þekki tákni stærra en, minna en og jafnt og  $< = >$
- geti raðað tölum eftir sætisgildum upp að þúsund og kynnist uppbyggingu tugakerfisins
- geti reiknað einföld orðadæmi
- geti notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- geti reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt
- geti tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilning við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi.

## Algebra

Að nemandi geti:

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt

## Rúmfræði og mælingar

Að nemandi geti:

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða, s.s. reglustiku, málbandi og vog og að lokum skráð niðurstöður.
- læri á spil og fari í leiki sem reyna á rúmfræði, talnaskilning og rökhugsun

## Tölfræði og líkindi

Að nemandi geti

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit, súlurit og teikningar
- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
- tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.

## Kennsluefni/kennslugögn

Sproti 2a (nemendabók og æfingahefti) og Sproti 2b (nemendabók og æfingahefti). Í undirdjúpunum – samlagning/frádráttur, Viltu reyna og verkefnablöð frá kennara.

## Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð og leiðir að lausnum sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum og styrki kunnáttu sína á grunniðfangsefnum stærðfræðinnar. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu nemenda, bæði í einstaklings og hópavinnu. Rökstuðningur, námsleikir, spil, þrautalausnir, utanbókarnám, sköpun, hópverkefni, vettvangsferðir, notkun kennsluforrita, tilraunir og samræður. Notast verður við umræður, leitarnám, einstaklingsverkefni og hópavinnu. Stefnt er að því að auka talnaskilning, þekkingu á hugtökum, reikniaðgerðum, þrautalausnum og bæta grundvallarskilning á stærðfræði, bæði í gegnum bækur, spil og þrautir.

## Námsmat

Kannanir sem fylgja Sprota verða lagðar fyrir við lok hvers kafla allan veturinn þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Virkni og vinnubrögð eru metin. Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Lögð verða fyrir hefðbundin próf og minni kannanir úr einstökum þáttum auk sjálfsmats.

## Náttúrugreinar

### Hæfniviðmið:

Að nemendur:

- öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi
- læri um tré og helstu trjátegundir Íslands
- læri um nokkra farfugla og staðfugla (þröstar, mávur, spói og álf).
- kynnist lífríki hafsins og fjörunnar við Ísland
- læri um fjöll á Íslandi
- læri um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir
- geti sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífverum í náttúrulegu umhverfi
- sýni virkni og láti sig varða um sitt nánasta umhverfi
- þjálfist í almennum samskiptareglum og geti unnið með öðrum í hóp
- hlusti á og geti rætt um hugmyndir annarra
- geti sýnt félögum og náttúru alúð

## Kennsluefni/ kennslugögn

Komdu og skoðaðu hafið, Hvalir, Komdu og skoðaðu fjöllin, Tré, Fuglavefurinn, vefur Námsgagnastofnunar ásamt efni frá kennara og ítarefni af bókasafni skólans. Vettvangsferðir og náttúran sjálf.

## Kennsluhættir

Náttúrufræði verður kennd í mislöngum lotum til móts við samfélags- og trúarbragðafræði og byggist upp á einstaklingsverkefnum, hópavinnu, útinámi og þemavinnu. Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla vitund þeirra á náttúru Íslands. Stefnt er að því að nemendur læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og dýrum. Þemavinna spilar hér stórt hlutverk og sampætting námsgreina. Farið verður í vettvangsferðir, notast við tölvur, bækur og önnur verkefni frá kennurum.

## Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Sjálfsmat.

## Samfélagsgreinar

### Hæfniviðmið:

Stefnt er að því að nemendur geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfa, einkum í nærsamfélagini
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélagini
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenni

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- átta sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- sett sig í spor annarra jafnaldra
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og bera virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- hlustað á og greint að ólíkar skoðanir
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

### Kennsluefni/ kennslugögn

Komdu og skoðaðu hafið, Hvalir, Komdu og skoðaðu fjöllin, Trúarbrögðin okkar og vefur Námsgagnastofnunar ásamt efni frá kennara. Vettvangsferðir.

### Kennsluhættir

Unnið verður með hvern námsþátt, þ.e. lífsleikni, samfélags- og trúarbragðafræði í mislöngum lotum. Einstaklingsverkefni, hópavinna, útinám og þemavinna. Unnið verður með lykilorð svo sem; vinátta, tillitssemi og samvinna. Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla samfélagsvitund þeirra. Þemavinna spilar hér stórt hlutverk og sambætting námsgreina. Farið verður í vettvangsferðir, notast við tölvur, bækur og önnur verkefni frá kennurum.

### Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Sjálfsmat.

## Smiðjur

### ***Heimilisfræði***

#### **Hæfniviðmið**

Stefnt er að því að nemendur:

- gert sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis
- geti unnið einföld verkefni í hóp
- geti sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
- geti flokkað hollan og óhollan mat
- þekki mun á grænmeti og ávöxtum
- læri að þvo upp, ganga frá áhöldum og skila eldhúsi hreinu
- geti unnið í hópum og sýni öðrum tillitssemi
- kunni að matreiða og baka eftir einföldum uppskriftum undir leiðsögn kennara
- kunni borðsiði

#### **Kennsluefni/kennslugögn**

Heimilisfræði 2 (rafbók aðgengileg á mms.is) ásamt efni af ýmsum netsíðum og uppskriftum frá kennara. Efni af ýmsum netsíðum, áhöld búnaður og hráefni í kennslueldhúsi.

#### **Kennsluhættir**

Mest verður unnið í hópum en einstaka sinnum verður para- eða einstaklingsvinna.

#### **Námsmat**

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Farið er eftir umgengni og vinnubrögðum í kennslustund. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og samvinna og hreinlæti.

### ***Myndmennt***

#### **Hæfniviðmið**

Að nemandi:

- geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn á einfaldan hátt
- þekki grunnformin og frumlitina og þjálfist í meðferð lita og formfræði.

- geti fjallað um eigin verk og annarra
- geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- læri að ganga frá eftir vinnu sína

### Kennsluefni/kennslugögn

Skjávarpi og efni myndmenntastofu svo sem teikniverkfæri, litir, pappír og leir

### Kennsluhættir

- Í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á
- umræður um myndlist,
- einstaklingsvinna,
- hópvinna,.

**Námsmat** byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum,samskiptum og mati á verkefnum.

### Textílmennt

#### Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
- unnið einföld verkefni í hópi
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt

### Kennslugögn

Garn, efnisbútar, málning, lím, skæri, litir, nál, garn og fleira.

### Kennsluhættir

- Nemendur hjálpast að
- Umræður
- Einstaklingsvinna
- Hópvinna
- Sýnikennsla

## Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfní. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu. Námsmatið á að virka hvetjandi fyrir nemandann.

## *Hönnun og smíði*

### Hæfniviðmið:

#### Handverk

Að nemandinn geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

## Hönnun og tækni

Að nemandinn geti:

- framkvæmt einfaldar samsetningar
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar

## Umhverfi

Að nemandinn geti:

- beitt líkamanum rétt við vinnu sína
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

## Kennslugögn

Bakkasög, skerstokkur, sandpappír 60-100-150, litir, MDF, fura, akrílmálning, tappar, naglar

## Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, einstaklingsvinna

## Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum (iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar), samskiptum (virðing, kurteisi, tillitssemi, umgengni, fyrirmæli) og mati á verkefnum.

## Fjölval

**Kennslulýsing:** Nemendum á yngsta stigi er skipt í 12 hópa. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

### Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrirmælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.

## Skólaíþróttir

### Íþróttir

#### Hæfniviðmið:

Að nemendur:

- efli samspil skynjunar og hreyfingar
- þjálfist í grunnhreyfingum og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman
- efli líkamsþol, kraft, hraða og viðbragð
- þjálfist í samvinnu, að sýna öðrum nemendum tillitssemi og umburðarlyndi
- fái útrás fyrir hreyfipörf sína og fái í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum

### Kennsluefni/kennslugögn

Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar

## Kennsluhættir

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar og leiki.

Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt (stuttbuxur og stuttermabol) og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum.

## Námsmat

Metin er framkoma nemenda við kennara, starfsfólk í íþróttahúsi og aðra nemendur í tíma og í búningsklefa.

Þau próf sem lögð eru fyrir nemendur eru eftirfarandi:

Fjölþrepapróf, langstökk án atrennu, sippa og próf í að hanga.

Umsögn er gefin í lok haustannar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ) fyrir færni nemenda ásamt umsögn í lok vorannar.

## Sund

### Hæfniviðmið

Að nemendur:

- Upplifi sund á jákvæðan hátt og fái æfingar við sitt hæfi. Mikið er lagt upp úr aðlögun og leikjum á þessu stigi
- Nái valdi á einföldum samsettum hreyfingum í vatni, þ.e. vald á samspili grunnhreyfinga í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi og baksundi
- Geti framkvæmt æfingar sem bæta þrek og styrk, ásamt því að efla leikræna tjáningu og sköpun

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti framkvæmt marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- geti synt 10 m bringusundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- geti synt 10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- geti synt 10 m skriðsund með eða án hjálpartækja
- geti sprynt frá bakka og runnið með andlit í kafi, að lágmarki 2,5m.
- geti hoppað af bakka út í laug.

## Kennsluefní/ Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, flotdýnur, prik, boltar, áhöld sem notuð eru við björgun í vatni ásamt fleiru.

## Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Farið verður í fjölbreytta leiki og æfingar framkvæmdar sem auka sundfærni nemenda ásamt því að bæta þrek og styrk.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

## Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Sundfærni nemenda er metin jafnt og bétt allt skólaárið og umsögn gefin við lok hverrar annar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ).